

Þar sem unnið er með mjög eld- og sprengifim eða eitruð efni, eða þar sem slík efni eru geymd, skal haga eldvarnaeftirliti í samræmi við lög og reglugerðir um þessháttar efni eða samkvæmt nánari reglum og fyrirmælum Brunamálastofnunar ríkisins og/eða Vinnueftirlits ríkisins og/eða Hollustuverndar ríkisins.

6.8. *Friðaðar byggingar, listasöfn og minjasöfn.*

Friðaðar byggingar skal skoða a.m.k. einu sinni á hverju þriggja ára tímabili. Sveitarstjórn getur ákveðið að einstakar slíkar byggingar skuli skoða oftari ef hún telur að mikil verðmæti séu í húfi.

Lista- og minjasöfn og álíka hús skal skoða a.m.k. tvisvar sinnum á hverju ári. Sveitarstjórn getur ákveðið að einstök slík söfn megi skoða sjaldnar ef hún telur að lítil verðmæti séu í húfi.

6.9. *Atvinnuhúsnaði í landbúnaði.*

Almenn gripahús, hlöður og geymsluhúsnaði skal skoða a.m.k. einu sinni á hverju þriggja ára tímabili.

Ef um meiriháttar atvinnuhúsnaði í landbúnaði er að ræða gilda um það ákvæðin í gr. 6.7. um iðnaðar- og geymsluhús.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 30. gr. laga nr. 41/1992 um brunavarnir og brunamál og öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytið, 7. apríl 1994.

Jóhann Sigurðardóttir.

Sesselja Árnadóttir.

20. apríl 1994

Nr. 199

AUGLÝSING

um staðfestingu á aðalskipulagi Hvammstanga 1992-2012.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19, 21. maí 1964 hefur ráðuneytið þann 20. apríl 1994 staðfest aðalskipulag Hvammstanga 1992-2012.

Uppdráttur og greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um og samþykki sveitarstjórnar Hvammstangahrepps og skipulagsstjórn ríkisins hefur afgreitt hana til staðfestingar.

Það skilyrði fylgir að áður en framkvæmdir við Hafnarbraut verða heimilaðar fari fram mat á umhverfisáhrifum vegna þeirrar tengingar.

Jafnframt er aðalskipulagsuppdráttur fyrir Hvammstanga, sem staðfestur var 10. júní 1980, felldur úr gildi.

Umhverfisráðuneytið, 20. apríl 1994.

Össur Skarphéðinsson.

Ingimar Sigurðsson.